

Viljayfirlýsing

Velferðarráðuneytið, kt. 601210-1340 Barnaverndarstofa, kt. 700595-2699 og Garðabær kt. 570169-6109 gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu um sameiginlega uppbyggingu á meðferðarheimili fyrir börn.

1. Garðabær samþykkir að vinna að því að úthluta Barnaverndarstofu 10.000 m² lóð á Vífilsstaðahálsi (gegnt Kjóavöllum), sbr. samþykkt bæjarráðs frá fundi sem haldinn var 4. september 2018. Á lóðinni mun Barnverndarstofa reisa u.þ.b. 1.000 m² hús fyrir meðferðarheimili.
2. Barnaverndarstofa mun annast starfsemi og rekstur meðferðarheimilis en gert er ráð fyrir að þar muni verða vistaðir á vegum barnaverndarnefnda unglingar á aldrinum 15-17 ára sem glíma við hegðunar- og vímuefnavanda. Jafnframt er gert ráð fyrir vistun unglinga á meðferðarheimilinu sem úrskurðaðir hafa verið í gæsluvarðhald.
3. Velferðarráðuneytið mun tryggja Barnaverndarstofu fjármagn til framkvæmda við byggingu meðferðarheimilis og þar með talinn kostnað við greiðslu gatnagerðar- og byggingarréttargjalds. .
4. Garðabær mun nú þegar hefja vinnu við skipulag svæðisins sem felst í að staðsetja lóðina nákvæmlega og sýna aðkomuleiðir. Jafnframt verður unnið að gerð lóðarblaðs, byggingarreitur skilgreindur og settir skilmálar um byggingu væntanlegs hús.
5. Samningur um úthlutun lóðarinnar skal gerður þegar deiliskipulag lóðarinnar hefur verið samþykkt og fyrir liggja áætlanir um kostnað við gatnagerð. Samningurinn er háður staðfestingu bæjarstjórnar Garðabæjar.
6. Aðilar munu skipa sameiginlega samráðshóp til að vinna að frekari framgangi málsins en sameiginlegt markmið er að framkvæmdir geti hafist á árinu 2019.
7. Ofanrituðu til staðfestu rita aðilar undir viljayfirlýsingu þessa.

Garðabæ, desember 2018

Ásmundur Einar Daðason,
félags- og jafnréttisráðherra.

Heiða Björg Pálmadóttir,
forstjóri Barnverndarstofu.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.